

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2013

2013/EES/72/10

frá 15. júlí 2013

um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 119/2013 frá 11. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs, að því er varðar að koma á fót samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 147/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 um hagskýrslur um orkumál, að því er varðar framkvæmd uppfærslna mánaðarlegra og árlegra hagskýrslna um orkumál ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 147/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samningsins og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 4) IV. og XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti fyrsta undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2010) í 28. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008) í IV. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32013 R 0147:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 147/2013 frá 13. febrúar 2013 (Stjttð. ESB L 50, 22.2.2013, bls. 1).“

2. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96):

„– **32013 R 0119:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 119/2013 frá 11. febrúar 2013 (Stjttð. ESB L 41, 12.2.2013, bls. 1).“

2. Texti fyrsta undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2010) í lið 26a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008) hljóði svo:

„**32013 R 0147:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 147/2013 frá 13. febrúar 2013 (Stjttð. ESB L 50, 22.2.2013, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 119/2013 og (ESB) nr. 147/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 41, 12.2.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 50, 22.2.2013, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 258, 30.9.2010, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.